

# ALLSHERJAR- OG MENNTAMÁLANEFND

Landsfundarályktun 2015

## Mannréttindi

Sjálfstæðisflokkurinn byggir á vernd eignarréttar, jafnræði og frelsi einstaklingsins og þeirri ábyrgð sem því fylgir.

Mikilvægt er að sporna gegn hvers kyns ofbeldi og skipta forvarnir og rannsóknir þar miklu máli. Sérstaklega er vænlegt til árangurs að styðja félagasamtök og stofnanir sem vinna gegn ofbeldi. Sporna verður gegn heimilisofbeldi og aðstoða fjölskyldur sem búa við slíkar aðstæður. Sjálfstæðisflokkurinn hvetur hlutaðeigandi stjórnvöld til að taka til gagn Gerrar endurskoðunar hvernig tekið er á kynferðisafbrotamálum innan réttarvörslukerfisins. Mikilvægt er að lögreglu sé skylt að mynda skýran og opinberan verkferil í kynferðisbrotamálum og hún taki ábyrgð á að tryggja hagsmuni brotabola við málsmeðferð.

Öllum er heimilt að aðhyllast og iðka hvaða trú sem er, skipta um trú eða hafna öllum trúarbrögðum. Trúfrelsi telst til almennra mannréttinda eins og málfrelsi og atvinnufrelsi. Trúariðkun er ekki æðri lögum. Trú-, tjáningar- og skoðanafrelsi eru grundvallar mannréttindi sem standa verður vörð um. Jafnframt verður að gæta þess að allir þegnar og samtök virði stjórnarskrárvarin mannréttindi og sjónarmið sem af þeim verða leidd.

Áhrif kristni á íslenskt samfélag hafa bæði sögu- og menningarlega þýðingu. Aðskilnað ríkis og kirkju þarf að framkvæma með farsæld þjóðarinnar að leiðarljósi.

Aðskilja þarf ríki og kirkju með farsæld þjóðkirkjunnar og þjóðarinnar að leiðarljósi.

Íslensk menning og samfélag er mótað af kristilegum gildum og viðhorfum um aldir. Í dag er sótt að þeim gildum og því ber nauðsyn til að vera á varðbergi og hlúa að kirkju og kristni sem hluta af þeirri vestrænu arfleifð sem er grunnur íslensks samfélags, menningar og lýðræðishefðar. Hluti af því að rækta þessa arfleifð er að nemendur í skólum landsins fari ekki á mis við kristnifræðslu.

Sjálfstæðisflokkurinn á að vera áfram leiðandi í málefnum samkynhneigðra enda hefur hann staðið að lagabreytingum um aukin réttindi þeirra varðandi samvist og ættleiðingar. Samkynhneigðar mæður ættu ekki að þurfa að skila inn vottorði til þjóðskrár þess efnis að þær séu foreldri barns, en án vottunarinnar er einungis líffræðileg móðir skráð sem foreldri.

## Málefni útlendinga

Í fjölmenningsamfélagi felst mannauður og fjölbreytt reynsla sem er til þess fallin að auðga samskipti einstaklinga. Taka skal vel á móti fólki sem hingað vill flytja og tryggja að það njóti jafna tækifæra á við aðra.

Tryggja þarf samkeppnishæfni landsins, með því að einfalda veitingu atvinnuleyfa, meta menntun þeirra sem hingað leita að verðleikum og tryggja að aðbúnaður á Íslandi geri landið eftirsóknarvert til framtíðar. Alltaf skal hafa að leiðarljósi að aðstoð við flóttamenn leiði til tækifæra til sjálfsbjargar.

Hafa skal mannúðarsjónarmið og skilvirkni að leiðarljósi í málefnum hælisleitenda. Móttaka flóttamanna er sjálfsögð. Sjálfstæðisflokkurinn fagnar ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að auka fjármagn til flóttamannaaðstoðar í kjölfar neyðar sem skapast hefur í Evrópu undanfarin misseri.

## Jöfn tækifæri

Landsfundur vill tryggja jöfn tækifæri allra. Laun eiga að endurspegla hæfni, ábyrgð, vinnuframlag og frammistöðu launþega. Markmiðið er að hvergi sé munur á launum kynjanna. Fjárhagslegt sjálfstæði einstaklinga er grundvöllur jafnréttis. Sjálfstæðisflokkurinn telur það grundvallaratriði að tryggja jafna stöðu og jöfn tækifæri kvenna og karla. Rétturinn til fæðingarorlofs beggja kynja stuðlar að þessu.

Ljóst er að til að hægt sé að byggja upp frjálst og réttlátt þjóðfélag skuli einstaklingar metnir að verðleikum sínum og þeim ekki mismunað.

Í öllum tilfellum þar sem hæfni umsækjanda ræður ekki för við ráðningu í opinber störf er um mismunun að ræða.

### Löggæsla og eftirlit

Eitt af meginhlutverkum ríkisvaldsins er að vernda réttindi borgara og friðhelgi einkalífs. Lögregla skal halda uppi öflugri löggæslu með það að markmiði. Fjölga þarf lögreglumönnum í landinu og efla menntun þeirra. Þátttaka lögreglunnar í alþjóðlegu samstarfi er sífellt mikilvægari og verður þekking, þjálfun, starfsumhverfi og búnaður að vera í takt við þær kröfur. Slíkt er nauðsynlegt til að takast á við skipulagða glæpastarfsemi. Stefna skal að því að varsla neysluskammta fíkniefna verði ekki refsiverð og starfshættir lögreglu og heilbrigðisstarfsfólks taki mið af því. Efla þarf lögregluna til að tryggja öryggi ferðamanna. Endurskoða þarf hlutverk embættis ríkislögreglustjóra.

### Dómstólar

Landsfundur hvetur til þess að millidómsstigi verði komið á með það að markmiði að treysta dómskerfi og tryggja réttaröryggi. Landsfundur telur að dómsmálaráðuneyti eigi að vera sjálfstætt ráðuneyti.

### Málefni fanga

Mikilvægt er að fangar fái notið réttinda sinna. Leggja skal áherslu á menntun og annan stuðning við þá. Efla þarf úrræði fyrir andlega vanheila afbrotamenn. Fangelsisstofnanir verða að vera í stakk búnar til að sinna hlutverki sínu þannig að föngum sé veittur stuðningur til sjálfsefningar. Mikilvægt er að styðja við þá sem nýlega hafa lokið afplánun.

Brýnt er að stytta biðtíma dómþola eftir að geta hafið afplánun. Möguleikum á fullnustu utan fangelsa þarf að nýta betur og fjölga, t.d. með samfélagsþjónustu og rafrænu eftirliti.

### Almannavarnir og björgunarstarf

Áfram skal unnið að markvissu og samhæfðu starfi ólíkra viðbragðsaðila almannavarna og björgunarstarfs. Mikilvægt er að tryggja réttindi sjálfboðaliða í hjálparstarfi. Nýjar áskoranir fylgja miklum fjölda ferðamanna með auknu álagi og koma þarf til móts við það. Þá þarf einnig að tryggja björgunarsveitum nýja tekjuliði með beinni hlutdeild í tekjum af erlendum ferðamönnum. Áfram skal unnið að bættum þryllukosti.

### Upplýsingasamfélagið, netfrelsi og jafnstaða netumferðar

Upplýsingar og upplýsingatækni er meginstoð samfélagsins. Upplýsingaflæði þarf að byggjast á frelsi en ekki forsjárhyggju. Styrkja þarf varnir Íslands þegar kemur að netöryggi. Krefjast verður tafarlaust að erlend ríki láti af njósnastarfsemi um íslenska ríkisborgara. Sífellt á að vera í endurskoðun hvaða upplýsingar stjórnvöld eins og þjóðskrá skrá um einstaklinga.

Sjálfstæðisflokkurinn skal beita sér fyrir því að allur gagnaflutningur um fjarskiptakerfi skuli vera óheftur, óháð innihaldi, nýtingarmöguleika, uppruna og áfangastað flutninganna. Aðgengi að upplýsingum er grunnforsenda lýðræðisríkisins. Tryggja verður frjálst og opið internet. Það er hlutverk dómstóla að taka á lögbrotum á internetinu en ekki fjarskipafyrirtækja og hagsmunaaðila.

Stöðva ber bitingu nafngreinanlegra upplýsinga úr skattframtölum fólks með framlagningu álagningaskrár.

### Menntamál

Hagvöxtur og bætt lífskjör byggja á menntun. Góð menntun er lykill að lífsgæðum einstaklinga, opnu samfélagi og er forsenda samkeppnisfærni. Gera þarf margvíslegar umbætur í menntakerfinu og

vinna gegn samþjöppun náms á höfuðborgarsvæðinu og tryggja betur aðgengi að t.d. framhaldsskólum og iðnmenntun um allt land.

Tryggja ber að óskert fjárframlag fylgi hverjum nemenda á öllum skólastigum t.d. í formi ávísanakerfis. Með því er stuðlað að fjölbreyttara rekstrarformi skóla og tekið tillit til ólíkra þarfa nemenda til þess að vekja áhuga og þroska hæfileika þeirra sem best.

Ökunám og ökuréttindi er grunnfærni í íslensku samfélagi. Landsfundur leggur því áherslu á að framhaldsskólanemendum standi til boða að ljúka að minnsta kosti hluta ökunáms, án sérstakrar gjaldtöku, í hefðbundnu framhaldsskólanámi, jafnvel sem hluta af áfanganum lífsleikni sem víða er kenndur.

Taka verður mið af niðurstöðum rannsókna á sviði menntamála við val og þróun á kennsluháttum á öllum skólastigum.

Ríkið á ekki að standa í útgáfu námsefnis og stefna skal að opnum markaði fyrir allt námsefni.

Styttingu náms fylgir mikil þjóðhagslegur ávinningur. Vinna þarf að styttingu grunnskóla um eitt ár til að auka samkeppnishæfni íslenskra nemenda enn frekar. Auka þarf sveigjanleika milli skólastiga en jafnframt koma í veg fyrir skörun námsmarkmiða.

Sporna þarf gegn brottfalli og fjölga þeim nemendum sem ljúka námi á tilsettum tíma. Efla þarf því náms- og starfsráðgjöf á grunnskólastigi og leggja meiri áherslu á verknám. Rekstarform framhaldsskólanna skal vera fjölbreytt með mögulegri aðkomu einstaklinga, atvinnulífs og opinberra aðila. Gera þarf átak í að efla iðn-, verk- og starfsnám í takt við þarfir atvinnulífsins. Atvinnurekendur verði gert kleift að gera námssamninga við nemendur sem hluta af starfsnámi þeirra.

Eftir að samræmd próf við lok grunnskóla voru lögð af er enginn samræmdur mælikvarði á getu nemenda sem útskrifast úr grunnskóla. Réttast væri að framhaldsskólum yrði í sjálfsvald sett að setja fram inntökuskilyrði. Það er lágmarksvirðing við nemendur að jafnræði ríki á milli þeirra sem sækja um skólavist.

Auka þarf gæðamat í skólastarfi. Fjölbreytta, samræmda mælikvarða þarf til að meta árangur skóla og skólastiga. Mikilvægt er að meta framfarir ekki síður en færni. Tryggja þarf að nemendur fái rétta og sanna mynd af námsstöðu sinni. Bæta þarf námsefni og kennsluaðferðir. Skólar eiga að velja námsaðferðir sem miða að ólíkum þörfum nemenda í samræmi við kröfur um nútímalega kennsluhætti.

Lögbundna mætingarskyldu í framhaldsskólum á að afnema. Það eykur frelsi skóla til að setja sín eigin viðmið í mætingu og kemur betur til móts við nemendur.

Vinna þarf markvisst að því að tryggja börnum leikskóla- eða dagvistun þegar fæðingarorlofi sleppir með sameiginlegu átaki ríkis og sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að bregðast við fækkun leikskólakennara og minnkandi aðsókn í leikskólakennaranám.

Gera þarf róttækar breytingar á launakerfi kennara og gefa skólastjórnendum aukið svigrúm til að semja við starfsmenn sína á einstaklingsgrundvelli. Miðlægir kjarasamningar skapa ekki árangurshvetjandi umhverfi í skólastarfi og hamla þróun þess.

Skyldur sveitarfélaga til tónlistarkennslu eru skýrar. Standa skal vörð um íslenska tónlistarskólastarfið.

### **Háskólar, vísindi og nýsköpun**

Menntun, vísindi og nýsköpun gegna lykilhlutverki við uppbyggingu atvinnulífs og eflingu lífsgæða á Íslandi til frambúðar. Háskólanám er fjárfesting fyrir bæði nemendur og samfélagið og æskilegt er að opinberum háskólum verði veitt heimild til innheimtu skólagjalda.

Íslenskir háskólar þurfa fjármagn til að halda uppi gæðum og standast alþjóðlega samkeppni. Kappkosta þarf að auka samvinnu og samhæfingu íslenskra háskóla- og vísindastofnanna. Mikilvægt er að skoða sameiningar slíkra stofnanna í því samhengi.

Framlög hafa verið aukin til rannsókna og nýsköpunar. Sú fjárfesting er ein meginstoð háskólastarfsemi og verðmætasköpunar og þarf að hafa markaðslegar forsendur að markmiði í auknum mæli. Sérstaklega ber að styðja við frumkvöðla og nýsköpunarstarf háskólanna og auka tengsl þeirra við atvinnulífið. Endurskoða þarf hlutverk rannsóknarstofnana og meta hvort starfsemi þeirra sé í takt við nútímaparfir háskóla og atvinnulífs.

Sá rammi sem mótaður er um starfsemi háskóla má ekki draga úr frelsi þeirra til sjálfstæðrar starfsemi og stjórnunar. Samstarf og samkeppni þarf að haldast í hendur og gott samstarf við erlenda háskóla mun laða að íslenska og erlenda námsmenn og kennara allt með það í huga að styrkja stöðu háskólastarfsemi á Íslandi.

Taka skal Lánasjóð íslenskra námsmanna og lánakerfið til gagn Gerrar endurskoðunar sem allra fyrst og þá sérstaklega afnám frítekjumarks, endurgreiðslu og styrki. Til þess að bæta þjónustu við námsmenn ætti að skoða hvort hlutverk sjóðsins ætti að færast yfir til fjármála fyrirtækja og þá með hagsmuni námsmanna að leiðarljósi.

### Málefni ungs fólks

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að áfengiskaupaaldur verði lækkaður í 18 ár, þannig að einstaklingum, sem skv. lögum eru bæði lögráða og fjárráða, verði heimilt að kaupa áfengi eins og allar aðrar löglegar neysluvörur.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að kosningaaldur verði lækkaður í 16 ár til samræmis við upphaf skatttöku. Skattgreiðendur í lýðræðisríki hafa þann rétt að kjósa hvernig skattfé skuli ráðstafað og er því ótækt að skattgreiðendum sé mismunað á grundvelli aldurs.

Lagt er til að kjörgengi til forseta sé það sama og til Alþingis.

### Menning

Mikil gróska er í íslensku menningarlífi sem hefur mikil hagræn áhrif. Styðja ber áfram við þá sókn og nýta tækifæri sem í henni felast. Varðveita þarf sögu og menningararf og vernda íslenska tungu. Íslenska málsvæðið er lítið og stuðningur því nauðsynlegur. Tryggja þarf aðgengi almennings að náttúrugripum og handritasafni Árna Magnússonar sem er á heimsminjaskrá UNESCO.

Vernda þarf eignarrétt rafræns efnis. Leita þarf leiða til að skapa samkeppnishæft umhverfi löglegra efnisveitna þar sem reynslan sýnir að aðgengi að löglega fengnu afþreyingarefni dregur til muna úr ólöglegu niðrhali. Endurskoða þarf opinberan stuðning við greinarnar í þessu samhengi.

Leggja á niður heiðurslaun listamanna en ekki er eðlilegt að ríkið hafi listamenn á launaskrá.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að mannanafnanefnd verði lögð niður og foreldrum veitt frelsi til að nefna börn sín án takmarkana frá ríkinu.

### Fjölmiðlar

Rekstur ríkisins á fjölmiðlum má ekki hamla frjálsri samkeppni og raska rekstrargrundvelli annarra fjölmiðla. Landsfundur leggur til að þörf samfélagsins fyrir ríkisfjölmiðil verði endurskilgreind og Ríkisútvarpið ohf. verði lagt niður í núverandi mynd. Auka þarf gegnsæi í eignarhaldi fjölmiðla.

Mikilvægt er að varðveita menningararf þann sem Ríkisútvarpið ohf. hefur umsjón með og gera efni í eigu stofnunarinnar aðgengilegt almenningi.